

Ed.

607. Nefndarálit

[141. mál]

um frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp til laga um iðnfræðslu hefur legið fyrir Alþingi síðan 1945, er það þar flutt í fyrsta sinn. 1947 var málið í Ed. Alþingis og þá vísað til iðnaðarnefndar. Var málið þá tekið til ýtarlegrar athugunar af nefndinni, sem gerði ýmsar tillögur til breytinga á frv. Einnig voru þá fluttar breytingartillögur af einstökum þingmönnum. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar og nokkrar tillögur frá einstökum þm. einnig. Á yfirstandandi Alþingi var málið flutt í Nd. og samþykkti deildin vel flestar tillögur, sem Ed. hafði gert á frv. áður.

Þar sem frv. er nú komið í það horf, sem nefndin gat við unað 1947, og telja verður aðkallandi nauðsyn, að frv. fái lögfestingu á þessu þingi, þá fellst meiri hl. nefndarinnar á, að ekki sé rétt, eins og sakir standa, að gera breytingartillögur við frv., þótt einstakir nefndarmenn teldu þess nokkra þörf. Meiri hl. nefndarinnar, þeir GJ, SÁÓ, StgrA, leggja því til, að frv. verði samþ. óbreytt. BÓ tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. Minni hl. (PZ) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 29. apríl 1949.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.

Gisli Jónsson.

Steingr. Aðalsteinsson.